

Fundur í foreldraráði 11.mars 2019

Mættir: Hafdís Guðmundardóttir, Rósalind Signýjar Kristjánsdóttir, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir og Ingunn Ríkharðsdóttir, skólastjóri sem ritaði fundargerð. Berglind Ósk Pétursdóttir var fjarverandi.

- **Sumarlokun Garðasels**

Samkvæmt könnun í foreldrahópnum velja 66,67 % foreldra síðasta tímabilið sem í boði var eða 8. júlí – 2. ágúst (opnað aftur eftir verslunarmannahelgi). Umræður voru um tímabil lokunar en ekki er farið lengra inn í ágúst vegna aðlögunar yngri barna, sem þá myndi seinka.

- **Skipulagsdagur**

Leikskólarnir eru að sækja um 5.skipulagsdaginn fyrir næsta skólaár og er sú beiðni komin til skóla- og frístundaráðs. Í samanburði við önnur sveitarfélög standa leikskólar á Akranesi illa þegar kemur að þessum dögum og reka lestina í þeim samanburði. Fullur skilningur á því að allir dagar sem leikskólar loka eru ekki góðir fyrir foreldra en í dag er ekki hægt að gera ráð fyrir að starfsfólk leikskóla sinni faglegu samráði og skipulagningu eftir erilsama langa vinnudaga.

- **Innritun ágúst 2019**

Innritun verður eins og áður eftir sumarlokun þegar elstu börnin eru að mestu eða öllu leyti hætt, fyrr er ekki hægt að hefja aðlögun. Það munu 18 börn hætta en þar sem fjöldinn í dag er tveimur yfir mun skólinn taka inn 16 börn og fækka í skólanum um tvö börn. Það er gert til að nálgast frekar þá tölu barna sem ætti að vera samtímis.

- **Sumarkaffi 2019**

Sumarkaffið verður lagt af frá og með þessu skólaári. Erfitt hefur verið að halda þessu úti og mikil vinna í skólanum að gera húsið klárt, ganga frá dóti og munum, stóla upp og síðan að ganga á eftir skráningum á meðlæti og vinnu við framkvæmdina. Spurning hvort þetta verkefni höfði ekki til yngri foreldra? Foreldrafélagið ákvað að sleppa þessari fjáröflun í apríl og leggja 1000 kr ofan á gjaldið í skemmti og ferðasjóð barnanna þannig að gjaldið fyrir skólaárið 2018-2019 eru 3.500 kr pr barn.

- **Rýmisgreining og vinna verkefnahóps**

Mikil vinna hefur verið unnin innan skólanna í rýmisgreiningu og aðstæðum eins og þær eru í hverjum skóla. Gögn lögð fram (trúnaðarmál). Ljóst er að mikið þarf að vinna í bættum vinnuaðstæðum barna og starfsmanna í þremur leikskólum til að færa þær í viðundandi horf. Verkefnahópur skilar lokaskýrslu í lok mars.

- **Deildir næsta vetur – samsetning nemendahóps**

Rætt hvernig skólinn getur hugsanlega litið út næsta vetur miðað við fjölda barna í árgöngum.

- **Leiktæki úti fyrir yngri börnin**

Umræða um skort á leiktækjum á leikskólalóð sem henta yngri börnunum. Einn fulltrúi lýsir leiksvæðum sem barn hans hafði aðgang að erlendis þar sem opin leiksvæði gerðu ráð fyrir þörfum yngri og eldri barna, voru afmörkuð en mjög aðgengileg og aðlaðandi.

Í Garðaseli í dag geta yngstu börnin hjólað og farið í sandkassann (þegar hann er í lagi vegna bleytu / vatnssöfnunar) ,annars er ekkert sem þau geta farið í sjálf eða leikið í í einhverju flæði. Litla rólan er of há, rennibrautin er of brött og hestarnir eru svo háir að þau geta ekki setið á þeim vegna hæðar / falls. Ljóst að bæta þarf leiktækin úti og mun foreldraráðið setja saman ályktun þar að lútandi og senda frá sér til bæjaryfirvalda og krefjast úrbóta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 19.30

Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri ritaði fundargerð.